



Ársreikningur Bygðastofnunar 2022

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2022, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 5. apríl 2023.

Hagnaður ársins nam 374,2 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok árs skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 19,72%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Þá annast stofnunin framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Skrifstofa stofnunarinnar er á Sauðárkróki.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Bygðastofnunar 2022

- Hagnaður ársins nam 374,2 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 19,72% en skal að lágmarki vera 8%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 798 milljónir króna eða 34,6% af vaxtatekjum, samanborið við 560 milljón króna (35,7% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2021.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 558 milljónum króna samanborið við 480 milljónir árið 2021.
- Eignir námu 23.822 milljónum króna og hafa hækkað um 1.73 milljónir frá árslokum 2021. Þar af voru útlán 19.748 milljónir samanborið við 18.625 milljónir í árslok 2021.
- Skuldir námu 20.126 milljónum króna og hækkuðu um 1.399 milljónir á árinu.

Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Eliasson forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu arnar@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

	2022	2021	2020	2019	2018
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.
Rekstrarreikningur					
Vaxtatekjur.....	2.307.323	1.568.767	1.327.669	1.172.444	1.098.491
Vaxtagjöld.....	1.509.810	1.008.429	805.812	662.991	630.646
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>797.513</i>	<i>560.338</i>	<i>521.857</i>	<i>509.454</i>	<i>467.845</i>
Rekstrartekjur.....	664.470	580.242	667.103	645.486	616.573
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>1.461.983</i>	<i>1.140.580</i>	<i>1.188.960</i>	<i>1.154.940</i>	<i>1.084.418</i>
Rekstrargjöld.....	1.087.794	973.277	1.250.771	1.059.525	971.031
Hagnaður (-tap) ársins.....	374.189	167.303	-61.811	95.415	113.387
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár					
Framl. í afskriftarr. útlána og annarra krafna..	129.836	129.191	298.032	182.258	114.851
Efnahagsreikningur	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018
Eignir					
Handbært fé.....	1.686.337	1.117.627	1.165.407	474.679	1.102.471
Markaðsskuldabréf.....	282.757	0	0	0	0
Viðskiptakröfur.....	78.389	57.993	124.489	26.599	29.713
Veltuhlutabréf.....	252.824	357.899	353.283	585.845	571.706
Fullnustueignir.....	60.010	320.010	270.010	441.010	347.510
Hlutdeildarfélög.....	907.860	739.368	699.594	682.252	642.237
Útlán til viðskiptavina.....	19.747.754	18.625.315	16.834.885	13.850.098	12.113.274
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	806.150	831.179	837.284	414.975	79.403
Eignir samtals.....	23.822.081	22.049.391	20.284.952	16.475.459	14.886.313
Skuldir og eigið fé					
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	19.290.410	18.159.786	16.788.799	13.014.318	11.504.095
Óráðstöfuð framlög.....	681.468	442.533	241.587	119.710	123.593
Aðrar skuldir.....	154.427	125.485	100.281	125.336	137.944
Skuldir samtals.....	20.126.305	18.727.803	17.130.667	13.259.364	11.765.633
Eigið fé.....	3.695.776	3.321.587	3.154.284	3.216.095	3.120.680
Skuldir og eigið fé samtals.....	23.822.081	22.049.391	20.284.952	16.475.459	14.886.313
Sjóðstreymi	2022	2021	2020	2019	2018
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	504.675	479.647	368.640	427.163	248.164
Fjárfestingarhreyfingar.....	-533.630	-1.822.730	-2.855.602	-2.220.233	-1.327.614
Fjármögnunarhreyfingar.....	597.665	1.295.304	3.177.690	1.165.279	1.092.060
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>568.710</i>	<i>-47.780</i>	<i>690.727</i>	<i>-627.791</i>	<i>12.610</i>
Handbært fé í ársbyrjun.....	1.117.627	1.165.407	474.679	1.102.471	1.089.861
Handbært fé í árslok.....	1.686.337	1.117.627	1.165.407	474.679	1.102.471
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði	19,72%	18,17%	19,12%	19,25%	21,45%

